

Samstarf heimila og skóla varðandi lestur skólabarna

Skólinn er sem kunnugt forystuskóli í læsi og námsvitund. Mikið hefur unnið í skólanum til að auka yndislestur og læsi nemenda. Nemendur eru hvattir til að vera alltaf með bók til yndislestrar og lesið er í nestistímum fyrir nemendur á yngra- og miðstigi. Á hverju skólaári eru lestrarsprettir. Í vetur verður unnið með PALS = PÖR AÐ LÆRA SAMAN í 2.-7. bekk en 9. bekkur fær hraðlestrarnámskeið.

Börn stíga sín fyrstu spor í lestri á heimilunum og hafa foreldrar eða fjölskyldan meiri áhrif á viðhorf barna til lesturs en skólinn. Rannsóknir hafa sýnt fram á að lestur á heimili og lestur foreldra skiptir mestu máli varðandi viðhorf barna til lesturs. Má í því samhengi nefna að afburðagóður árangur finnskra barna í lesskilningi má rekja til menntunar- og félagslegra þátta en fram kom að finnskir foreldrar lesa mikið. Það er því mikilvægt að foreldrar séu góðar fyrirmyndir barna sinna varðandi bóklestur og að þeir lesi fyrir þau og ræði um bækurnar.

Það skiptir því máli að:

- börn hafi aðgang að bókum heima
- börn finni að lestur sé mikilvægur
- bækur séu sýnilegar á heimilinu
- að börn sjái foreldra sína lesa
- að börnin sjá foreldrana lesa sér til ánægju, sérstaklega feður sem fyrirmynd drengja
- að foreldrar hlusti af áhuga á börnin lesa
- að börn og foreldrar ræði saman um það sem börnin lesa
- að foreldrar haldi áfram að lesa fyrir börn sín þótt þau geti lesið hjálparlaust
- að hafa ákveðinn tíma til lesturs daglega
- að fara reglulega á bókasafnið og fá lánaðar bækur

Læsi er ekki stök námsgrein heldur grundvallarfærni sem gengur þvert á allar námsgreinar og er undirstaða annars náms og starfa í samfélaginu. Því er mikilvægt að heimili og skólar séu samstíga í því að styrkja læsi barna.

Lesum saman og höfum gaman
Starfsfólk Setbergsskóla